



HRUNAMANNAHREPPUR

30. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

17. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 27. september kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 16:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir í forföllum Alexöndru Rósar Jóhannesdóttur. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi lagði oddviti fram dagskrárbreytingatillögu um að liður 22. Tillaga um óverulega breytingu á deiliskipulagi „Garðastígur“ falli niður þar sem málið var á dagskrá Skipulagsnefndar í morgun.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Skólanefnd: Fundargerð 6./7. fundar frá 19. september sl.

Lögð fram fundargerð 6./7. fundar Skólanefndar.

Varðandi lið 13 - Breyting á skóladagatali Undralands samþykkir sveitarstjórn að starfsdagur vegna haustþings 8.deildar FL sem skráð var í skóladagatal leikskólans þann 20.október verði þann 29. september næstkomandi. Sveitarstjórn tekur einnig undir ánægju skólanefndar með að haustþing skólastiganna sé nú á sama degi.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

2. Umhverfisnefnd: Fundargerð 7. fundar frá 14. september sl.

Lögð fram fundargerð 7. fundar Umhverfisnefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og tillögum að verkefnum er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

3. Fundargerð 265. fundar skipulagsnefndar frá 13. september sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 30. ágúst sl.

Lögð fram fundargerð 265. fundar skipulagsnefndar frá 13. september sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 30. ágúst sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 37. Ásastígur 5: Byggingarheimild; aðstöðuhús.

Fyrir liggur umsókn Sigurðar U. Sigurðssonar fyrir hönd Kolbrúnar K. Daníelsdóttur, móttækin 28.08.2023, um byggingarheimild fyrir aðstöðuhúsi 59 m² að grunnfleti með rislofti á íbúðarhúsalóðinni Ásastígur 5 L166937 í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórnar Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis þar sem segir að sveitarstjórn sé heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og

grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Að mati nefndarinnar er eðlilegt að húsið taki mið af útliti núverandi húss á lóðinni þótt svo að skilmálar deiliskipulags svæðisins geri ekki ráð fyrir svo miklum þakhalla innan svæðisins. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis þar sem segir að sveitarstjórn sé heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Að mati sveitarstjórnar er eðlilegt að húsið taki mið af útliti núverandi húss á lóðinni þótt svo að skilmálar deiliskipulags svæðisins geri ekki ráð fyrir svo miklum þakhalla innan svæðisins. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 38. Miðfell 7: Lögbýlislóð og byggingarheimildir; Deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag vegna landsins Miðfell 7 L234761 eftir auglýsingu og yfirferð Skipulagsstofnunar. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir stofnun lögbýlis, ásamt byggingu íbúðarhúss, hesthúss og tengdra mannvirkja. Umsagnir bárust á auglýsingatíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum skipulagsgögnum. Athugasemdir voru gerðar við gildistöku áætlunarinnar að hálfu Skipulagsstofnunar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan lagfærðrar deiliskipulagstillögu sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan lagfærðrar deiliskipulagstillögu sem lögð er fram við afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 39. Brúarhlöð: Verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Brúarhlaða í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst skilgreining á verslunar -og þjónustusvæði við Brúarhlöð, sunnan Skeiða- og Hrunamannavegar. Breytingin tekur til um 4 ha svæðis sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Við Brúarhlöð er bílastæði þar sem ferðamenn stoppa og skoða gljúfur Hvítár og frá því liggur stígur að gljúfrinu. Landeigandi vill byggja upp þjónustu á staðnum og leggja fleiri og betri gönguleiðir um svæðið. Dregið hefur verið úr umfangi mannvirkja og stærð svæðis m.v. hugmyndir sem settar voru fram í skipulags- og matslýsingu, hætt er við gistingu og þjónustuhús minnkað. Samhliða aðalskipulagsbreytingu er unnið deiliskipulag fyrir svæðið. Athugasemd og umsagnir bárust vegna skipulagslýsingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar og umsagnar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin telur ekki ástæðu til að taka sérstaka afstöðu til athugasemdar sem barst á kynningartíma lýsingar en mælist til þess að viðkomandi aðila verði send skipulagstillagan við kynningu málsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar og umsagnar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að taka sérstaka afstöðu til athugasemdar sem barst á kynningartíma lýsingar en mælist til þess að viðkomandi aðila verði send skipulagstillagan við kynningu málsins.

Mál nr. 46. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 30. ágúst sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 30. ágúst sl.

4. Fundargerð 266. fundar skipulagsnefndar frá 27. september og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. september sl. (Fundargögn koma síðar)

Lögð fram fundargerð 266. fundar skipulagsnefndar frá 27. september og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. september.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 18. Sunnuhlíð, Fannborgartangi: Íbúðarsvæði; Endurskoðað deiliskipulag

Lögð er fram tillaga að heildarendurskoðun deiliskipulags íbúðarsvæðis í landi Sunnuhlíðar, vestan núverandi þéttbýlis að Flúðum, eftir auglýsingu. Deiliskipulagið tekur til íbúðarsvæðis ÍB8, verslunar- og þjónustusvæðis VP5, iðnaðarsvæðis I3 og opins svæðis OP5 að hluta. Innan svæðisins er gert ráð fyrir fjölbreyttri íbúðarbyggð í formi einbýlishúsa, parhúsa og raðhúsa. Á verslunar- og þjónustureit er gert ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu gistipjónustu. Á iðnaðarreit er gert ráð fyrir uppbyggingu hreinsivirkis fyrir svæðið og á opnum svæðum er gert ráð fyrir heimildum fyrir uppbyggingu göngu- og reiðstíga. Samhliða hefur verið samþykkt óveruleg breyting á aðalskipulagi sem tekur til viðkomandi svæðis.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 19. Garðastígur 2, Garðastígur 2 A: Breytt afmörkun og stækkun byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi sem tekur til Garðastígar 2. Um er að ræða breytingu sem tekur til afmörkunar og stækkunar á byggingarreit lóðarinnar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 20. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. september sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. september sl.

5. Stjórn byggðasamlags UTU bs.: Fundargerð 102. fundar frá 13. september sl.

Lögð fram fundargerð stjórnar byggðasamlags UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. SASS: Fundargerð 598. fundar stjórnar frá 17. ágúst sl.

Lögð fram fundargerð 598. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. SASS: Fundargerð 599. fundar stjórnar frá 1. september sl.

Lögð fram fundargerð 599. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. SASS: Fundargerð 600. fundar stjórnar frá 18. september sl.

Lögð fram fundargerð 600. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. Héraðsnefnd Árneseinga bs.: Fundargerð 13. fundar framkvæmdastj. frá 11. september sl.

Lögð fram fundargerð 13. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

10. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 230. fundar frá 11. september sl.

Lögð fram fundargerð 230. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

11. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 10. fundar stjórnar frá 5. september sl.

Lögð fram fundargerð 10. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

12. Tónlistarskóli Árneseinga: Fundargerð 207. fundar stjórnar frá 13. september sl.

Lögð fram fundargerð 207. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árneseinga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

13. Seyrustjórn: Fundargerð 11. fundar seyrustjórnar frá 13. september sl. ásamt greinargerð frá 14. júlí sl.

Lögð fram fundargerð 11. fundar seyrustjórnar.

Halldóra Hjörleifsdóttir vék af fundi undir þessum lið.

Fundargerðin ásamt meðfylgjandi greinargerð var rædd af sveitarstjórn sem lýst best á að starfsemin verði færð í einkahlutafélag sem stofnað verði utan um starfsemina. Starfsemi sem þessi heyrir ekki undir lögbundin hlutverk sveitarfélaga og því gæti komið upp sú staða að frjálsi markaðurinn taki yfir þessa starfsemi þegar fram líður ef vilji sveitarfélaganna yrði til staðar þá. Hins vegar ef samstarfssveitarfélögin kjósa annað rekstrarform en einkahlutafélag þá mun sveitarstjórn Hrunamannahrepps lúta þeirri ákvörðun.

Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

14. Umsagnarbeiðni frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis frá 22. september 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um réttlát græn umskipti, 3. mál.

Lagt fram til kynningar.

15. Bréf frá Umboðsmanni Alþingis frá 15. september 2023.

Lagt fram bréf frá Umboðsmanni Alþingis en til hans hefur leitað Margrét Eyfells með kvörtun sem beinist að Hrunamannahreppi og lýtur að því að sveitarfélagið hafi ekki afgreitt erindi hennar sem lúta að lóðarleigusamningi fyrir fasteignir í hennar eigu í Kerlingarfjöllum.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að svara erindi Umboðsmanns í samráði við lögmann.

16. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanni, rekstrarleyfi.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Flúðir rekstur ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV – A Hótel.

Sveitarstjórn samþykkir umbeðið leyfi.

17. Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands frá 13. september 2023.

Lagt fram bréf frá Skógræktarfélagi Íslands þar sem félagið hvetur sveitarfélögin til að huga sérstaklega að verndun og varðveislu skógarreita, trjálunda og grænna svæða innan byggðar og í næsta nágrenni.

Lagt fram til kynningar en um leið vísað til Umhverfisnefndar til umfjöllunar.

18. Jafnréttisáætlun og jafnlaunastefna Hrunamannahrepps 2023-2027.

Lögð fram jafnréttisáætlun og jafnlaunastefna Hrunamannahrepps 2023-2027. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 fjalla um jafnrétti kynjanna og er markmið laganna að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna á öllum samfélagssviðum.

Sveitarstjórn samþykkir jafnréttisáætlunina og jafnlaunastefnuna. Sveitarstjóra jafnframt falið að framfylgja stefnunni í samstarfi við forstöðumenn stofnana sveitarfélagsins sem allir bera jafna ábyrgð á því að stefnan og áætlunin séu kynntar starfsmönnum og íbúum.

19. Reglur Hrunamannahrepps um framlög til stjórnáttakamtaka er bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga.

Lagðar fram reglur Hrunamannahrepps um framlög til stjórnáttakamtaka er bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga. Í 5. gr. laga um starfsemi stjórnáttakamtaka nr. 162/2006 með síðari breytingum er fjallað um skyldu sveitarfélaga til að styrkja stjórnáttakamtök sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5 % atkvæða í næstliðnum kosningum.

Sveitarstjórn samþykkir reglurnar.

20. Viðauki við leigusamning um lóð undir hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum.

Lagður fram viðauki við leigusamning um lóð undir hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann og felur sveitarstjóra að ganga frá honum ásamt forsætisráðuneytinu sem fer með málefni þjóðlendna.

21. Tillaga að bókun vegna eldislaxa í ám.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi bókun vegna eldislaxa í ám.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps lýsir yfir áhyggjum af þeirri staðreynd að nú séu að veiðast eldislaxar í ám á stórum svæðum vestan- og norðanlands.

Íslenski laxastofninn, hreinleiki hans og orðspor er dýrmætt vörumerki sem mikilvægt er að standa vörð um. Í Hrunamannahreppi er einstök laxveiðiá, Stóra Laxá. Er áin með þekktari laxveiðiám landsins. Áin sem og beinar og óbeinar tekjur sem af henni hljótask eru mikilvægar fyrir svæðið.

Atvinnuuppbygging af ýmsu tagi er mjög mikilvæg fyrir landsbyggðina en leikreglur verða að vera skýrar þannig að hvatinn verði meiri til að halda vel á málum. Eftirlit verður að vera með þeim hætti að öðrum búgreinum og atvinnuuppbyggingu stafi ekki hættu af né heldur umhverfi og lífríki.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps skorar á stjórnvöld að setja reglur um fiskeldi þannig að umhverfinu stafi ekki ógn af í framtíðinni. Mikilvægt er að atvinnulíf geti blómstrað um land allt án þess að lifa í ótta við slys líkt og þau sem hafa átt sér stað á undanförunum vikum tengd laxeldi.

22. Lóðaumsóknir: Reynihlíð 6

Fyrir fundinum liggja 6 lóðaumsóknir um lóðina Reynihlíð 6.

Útdráttur á milli umsækjenda skilaði eftirfarandi niðurstöðu:

Reynihlíð 6: Flott mál ehf

Til vara: Pittore ehf
Bogadalur ehf.

23. Lóðaumsóknir: Reynihlíð 8

Fyrir fundinum liggja 18 lóðaumsóknir um lóðina Reynihlíð 8.

Útdráttur á milli umsækjenda skilaði eftirfarandi niðurstöðu:

Reynihlíð 8: Ampera ehf

Til vara: Arctic ocea seafood ehf
Miðakur ehf

24. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði 19. október 2023 kl. 17:00.

Mál til kynningar:

25. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 932. fundar stjórnar frá 8.9.2023.

Lagt fram til kynningar.

26. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 933. fundar stjórnar frá 18.9.2023.

Lagt fram til kynningar.

27. Samtök orkusveitarfélaga: Aukaaðalfundur frá 19. september 2023.

Lagt fram til kynningar.

28. Boð á samráðsfund Vegagerðarinnar þann 4. október vegna endurskoðunar á vinnureglum vetrarþjónustu.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:21